



Meginreglan um hraða málsmeðferð og áhrif hennar við meðferð einkamála

-BA ritgerð í lögfræði -

Steinar Ársælsson

Lagadeild

Félagsvísindasvið

Umsjónarkennari: Kristín Benediktsdóttir hdl.

Desember 2012



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
2	Almennt um meginreglur í einkamálaréttarfari	4
3	Birtingarmynd málshraðareglunnar í 1. mgr. 70. gr. stjkskr.	5
3.1	Sjónarmið við mat hvort mál sé innan hæfilegs tíma.....	5
4	Birtingarmynd málshraðareglunnar í 1. mgr. 6. gr. MSE.....	6
4.1	Upphaf og lok tímabils sem MSE miðar við.....	7
4.2	Afleiðingar af brotum á málshraðareglu 1. mgr 6. gr. MSE	10
5	Málshraðareglan og áhrif hennar á ákvæði eml.....	11
5.1	Málshraðareglan.....	11
5.2	Frestir við málsmeðferð 2. mgr. 99. gr. og 2. mgr. 102. gr. eml.....	12
5.3	Skýrslur fyrir aðalmeðferð, sbr. 1. mgr. 103. gr. og 4. mgr. 102. gr. eml.....	15
6	Afleiðingar þess að málshraðareglunni sé ekki fylgt.....	16
6.1	Aðfinnslur frá Hæstarétti	17
6.2	Önnur réttaráhrif.	18
7	Sérákvæði sem eru undir áhrifum málshraðareglunnar.....	18
8	Lokaorð.....	19
	Heimildaskrá	21
	Dómaskrá	22

1 Inngangur

Í ritgerð þessari verður fjallað um meginregluna um málshraða við meðferð einkamáls. Meginreglur einkamálaréttarfars eru þær grunnreglur sem skipta sköpum við rekstur einkamála. Reglan um hraða málsmeðferð er bæði meginregla í einkamálaréttarfari og sakamálaréttarfari. Í henni felst að meðferð máls eigi að ganga eins hratt fyrir sig og atvik leyfa. Reglan er lögfest í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrá íslenska lýðveldisins nr. 33/1944 (hér eftir skammstafað stjskr.) og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem var veitt lagagildi á Íslandi með lögum nr. 42/1994 (hér eftir skammstafað MSE). Aðildaríkjum mannréttindasáttmálans ber að virða regluna. Meginreglan um hraða málsmeðferð kemur ekki fram berum orðum í lögum um meðferð einkamála nr. 91/199 (hér eftir skammstafað eml.) Þó má hæglega ráða hana af ýmsum ákvæðum lagabálksins, sem hafa verið samin með hana að leiðarljósi. Henni verður því hvorki breytt né hún afnumin með réttlægri heimildum. Í ritgerðinni verður skoðað hvert gildi og inntak meginreglunnar um hraða málsmeðferð er við meðferð einkamáls og hverjar afleiðingar þess séu ef henni er ekki fylgt eftir. Með þetta fyrir augum verða skoðuð dómafordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu, íslensk lög og dómafordæmi Hæstaréttar. Efnistöð eru þannig að fyrst verður farið stuttlega yfir meginreglur einkamála, en síðan fjallað um ákvæði stjskr. og MSE um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Næst verða skoðuð þau ákvæði eml. þar sem fjallað er um hraða málsmeðferð, en auk þess sú dómaframkvæmd Hæstaréttar þar sem tekist hefur verið á um regluna. Loks verða skoðuð ákvæði í öðrum lagabálkum en eml. sem eru undir áhrifum frá meginreglunni um hraða málsmeðferð.

2 Almennt um meginreglur í einkamálaréttarhari

Meginreglur laga er skylt latneska orðinu „principium“ sem merkir upphaf eða byrjunarreitur. Hér er um að ræða vissar fyrirfram gefnar forsendur manna þegar rætt er um stjórnsmál eða siðferði. Út frá slíkum grunnforsendum má síðan leiða reglur sem sækja stóðir sínar í hinar gefnu forsendur.¹ Réttarfar hverrar þjóðar endurspeglar þær meginreglur sem þjóð býr við á sviði menningar, atvinnuhátta og stjórnskipunar.²

Fræðasamfélög hafa lengi leitast við að setja fram meginreglur um hvernig skipa skuli meðferð mála fyrir dómstólum. Þýskar fræðikenningar voru áberandi frá síðari hluta 18. aldar og fram á 20. öld. Á eftir fylgdu norrænar fræðikenningar sem voru undir áhrifum frá þýska skólanum. Kenningar um meginreglur í einkamálum eru margar og breytilegar eftir tímabilum og löndum. Þær mótast oft en ekki af lögfræðilegum hefðum og þjóðfélagslegum aðstæðum, en einnig af pólitískum hugmyndum og áhrifavöldum höfundarins.³

Meginreglur í einkamálaréttarhari eru því ekki algildar reglur sem gilda munu til eilífðarnóns óháð samfélagsbreytingum, heldur taka þær einmitt mið af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu og gildandi löggjöf hvers ríkis fyrir sig.⁴ Þær eru taldar hafa verulegt gildi sem hjálpartæki við gildandi löggjöf. Með því að gefa yfirsýn um fræðilegan bakgrunn og innbyrðis tengsl ákvæða gildandi laga sést að meginreglurnar ráða miklu um efni ákvæða og samræmi milli þeirra. Við mótn og breytingar á löggjöf hafa meginreglur mikið vægi. Hyggja þarf að samræmi milli lagaákvæða og gæta þess að nýtt ákvæði eða breyting á eldri reglu hafi ekki ófyrirséðar afleiðingar.⁵

Þær geta komið til hjálpar við skýringu á inntaki lagaákvæðis. Þetta getur átt við þegar meginregla er skráð á viðkomandi lagabálki og önnur ákvæði eru þannig skýrð í samræmi við skráða meginreglu. Einnig getur átt við þegar meginregla er óskráð og ákvæði lagabálkar eru skýrðar með vísan til þeirra grunnhugmynda eða grunnraka sem liggja að baki ákvæðinu. Er því almennt talið að meginreglur geti komið til greina sem lögskýringarsjónarmið við skýringu á inntaki lagaákvæðis.⁶

¹ Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 326-327.

² Einar Arnórsson og Theodór B. Línal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 170.

³ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 12.

⁴ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 12.

⁵ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 12-13.

⁶ Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar*, bls. 73-74.

3 Birtingarmynd málshraðareglunnar í 1. mgr. 70. gr. stjkskr.

Reglan um málshraða á bæði við í einkamálaréttarfari og sakamálaréttarfari. Hana má finna í 1. mgr. 70. gr. stjkskr. Þar segir: „Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér með refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli“. Í ákvæðinu kemur með öðrum orðum fram það skilyrði að dómsmál fyrir íslenskum dómsmálum skuli rekið innan hæfilegs tímaramma.

Reglan er því lögfest í stjórnarskrá og gildir ótvírætt í ágreiningi borgaranna fyrir dómstólum. Lög eða aðrar réttarheimildir sem ekki samræmast ákvæðinu að formi eða efni til þurfa því að vikja.⁷ Almennt hefur reglan meiri áhrif í sakamálaréttarfari en í einkamálaréttarfari þar sem aðilar einkamáls hafa jafnan fleiri leiðir til úrlausnar á ágreiningi en aðilar sakamáls.⁸ Tvö sjónarmið liggja til grundvallar málshraðareglunni. Þau snúa að hagsmunum einstaklinga og samfélagsins í heild. Með tilliti til einstaklingshagsmuna hefur réttur manns til að bera mál sitt undir dómstóla litið gildi ef hann getur ekki treyst á að úr málinu verði leyst innan hæfilegs tíma, því að ella kæmi réttur borgaranna til að bera mál sín undir dómstóla að litlum notum. Einstaklingar hljóta að hafa hag af því að meðferð máls ljúki sem fyrst. Af sjónarhóli samfélagslegra hagsmuna er mikilvægt að mál dragist ekki að óþörfu á langinn. Slíkt hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir réttarkerfið og gerir starfsemi þess ómarkvissa.⁹ Hins vegar er spurning hvað teljist vera „hæfilegur tími“ við meðferð máls hjá dómstólum. Það hlýtur að fara eftir tegund þess máls sem er til úrlausnar og þeim ástæðum sem liggja að baki töfum máls.¹⁰

3.1 Sjónarmið við mat hvort mál sé innan hæfilegs tíma

Við mat á því hvort brotið hafi verið á málshraðareglunni við meðferð máls þarf almennt að skoða feril máls í heild, kanna hvað veldur töfunum og hvar í málsmeðferðinni þær verða.

Við mat á þessu hefur mannréttindadómstóllinn mótað nokkur sjónarmið í framkvæmd sinni. Almennt hefur ekki verið útilokað að þessi atriði geti haft áhrif við túlkun á inntaki orðalagsins „innan hæfilegs tíma“ í 1. mgr. 70. gr. stjkskr.¹¹ Ef til skoðunar dómstóla kemur mál sem er sérstaklega umfangsmikið eða flókið getur verið eðlilegt að meðferð þess taki lengri tíma en í öðrum einfaldari málum. Sá tími verður þó að teljast hæfilegur miðað við efni

⁷ Sigurður Línal, *Um lög og lögfræði*, bls. 85.

⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 256.

⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 254.

¹⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 254-255.

¹¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 255.

og umfang málsins.¹² Ennfremur er skoðað hverjum það er að kenna að mál hafi dregist. Þegar aðili einkamáls hefur sjálfur valdið því að tafir hafi verða á málarekstri vegna atvika sem rekja má til ásetning hans, getur það leitt til þess að ekki verður fallist á að málsmeðferðin hafi tekið óhæfilegan tíma. Ef aðilar einkamáls hafa ítrekað óskað eftir fresti í máli geta þeir ekki síðar haldið því fram að mál hafi tafist óeðlilega af þessum sökum.¹³

Teljst mál sérstaklega mikilvægt fyrir einstakling getur það leitt til þess að gerðar eru meiri kröfur um hraða málsmeðferð. Gott dæmi eru forsjármál, en lögfest hefur verið viss flýtimeðferð í slíkum tilvikum, skv. 3. mgr. 38. gr. barnalaga, enda getur skipt sköpum í slíkum tilvikum að hagir barns raskist ekki um of við meðferð málsins.

Loks getur verið að háttsemi þess stjórnvalds, hvort sem það er framkvæmdavald eða dómsvald, sé með þeim hætti að óhæfilegar tafir verða án nægilega skýringa. Slíkt getur leitt til þess að talið verði að brotið hafi verið gegn málshraðareglunni. Þetta gildir einkánlega um sakamál þar sem lögregla eða ákærvald hafa látið mál dragast. Þó má sjá fyrir sér tilvik í einkamálum þar sem dómari frestar máli án haldbærrar ástæðu.¹⁴

4 Birtingarmynd málshraðareglunnar í 1. mgr. 6. gr. MSE

Regluna um málshraða er að finna í 1. mgr. 6. gr. MSE. Þar stendur: „Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálaréttarhari eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli“. hér koma fram sömu skilyrði og í 1. mgr. 70. gr. stjks., eða að málsmeðferð hjá dómstólum aðildarríkja sáttmálans skuli rekin innan hæfilegs tíma. Reglan á bæði við í einkamálaréttarhari og sakamálaréttarhari. Aðildarríkjum sáttmálans er því gert að virða meginregluna um hraða málsmeðferð.¹⁵ Ísland er aðili að MSE og hefur honum verið veitt lagagildi hér á landi með lögum nr.62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjks. tekur jafnframt mið af 1. mgr. 6. gr. MSE og er efnisinntak þess skýrt með hliðsjón af ákvæði 1. mgr. 6. gr. MSE.¹⁶

Í framkvæmd virðist oftast reyna á regluna um hraða málsmeðferð fyrir mannréttindadómstólnum af öllum ákvæðum sáttmálans.¹⁷ Það hlýst sjálfsagt af því að hægt er að kæra mál til mannréttindadómstólnum og láta reyna á hvort meðferðin brjóti í bága við

¹² Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 525-526.

¹³ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 526.

¹⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 255-256.

¹⁵ Eiríkur Tómasson. *Réttlát Málsmeðferð fyrir Dómi*, bls. 116.

¹⁶ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 517.

¹⁷ Mark Janis, Richard Kay & Anthony Bradley: *European Human Rights Law. Text and Material*, bls. 454.

regluna um hraða málsmeðferð jafnvel þó svo að málið sé enn til meðferðar hjá stjórnvaldi eða dómstóli viðkomandi aðildarríkis.¹⁸

4.1 Upphaf og lok tímabils sem MSE miðar við

Við mat Mannréttindadómstóls Evrópu á því hvaða tímabil skuli miða við í einkamálum þegar horft er til þess hvort málsmeðferð í viðkomandi máli hjá aðildaríki hafi uppfyllt skilyrði málshraðareglunnar í 1. mgr. 6. gr. MSE, hafa mótast tiltekin viðmið í framkvæmd dómstólsins. Við mat á því hvaða tímamark skuli miða upphaf máls við, hefur mannréttindadómstólinn jafnan horft til málshöfðunar, s.s. útgáfu stefnu eða þingfestingar máls. Þó hefur mannréttindadómstólinn í vissum tilvikum talið heimilt að miða við tímamark fyrir málshöfðun. Dæmi um það er þegar mál hafa verið til meðferðar stjórnvalda áður en þau koma til kasta dómstóla. Í slíkum tilvikum hefur mannréttindadómstólinn talið heimilt að miða við upphaf kæru aðila til stjórnvaldsins.¹⁹ Dæmi um þetta er *MDE, X gegn Frakklandi, 31 mars 1992 (18020/91)*:

Málið varðaði réttindi HIV-sjúklings, X, sem hafði smitast af HIV eftir blóðgjöf á frönskum ríkispítala. X hafði í framhaldinu reynt að öðlast bætur vegna þessa með því að leita til heilbrigðis- og félagsmálayfirvalda í Frakklandi, sem ákváðu að neita beiðni hans á síðasta degi fjögurra mánaða úrskurðartímabils. Franskir dómstólar höfnuðu í kjölfarið bótaskyldu ríkisins í máli sem hann höfðaði gegn franska ríkinu, en sjúkdómur hans hafði þá versnað til muna og var hann á því stigi kominn með AIDS. X lést stuttu eftir kæru hans til Mannréttindadómstóls Evrópu um hvort að málsmeðferðin í máli hans fyrir frönskum dómstólum hafi brotið gegn 1. mgr. 6. gr. MSE en málsmeðferð fyrir mannréttindadómstólnum var haldið áfram að kröfu foreldra hans. Það mat dómsins að miða skyldi við það tímabil þegar X sendi inn kröfu til stjórnvalda og fram til úrskurðar franska dómstóla um þá kröfu sem hann höfðaði gegn franska ríkinu. Þetta tímabil spannaði meira en tvö ár og fjóra mánuði.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur almennt talið að miða skuli lok tímabils við birtingu endanlegs dóms. Ef áfrýjað er frá lægra dómstigi til æðra bætist tíminn við sem liður frá því að fullnaðardómur er kveðinn og birtur málsaðila.²⁰

Mannréttindadómstólinn hefur einnig í vissum tilvikum miðað við annað tímamark. Þá hefur hann til dæmis horft til þess hversu langan tíma það tók að fullnægja dómi í einkamáli eftir að hann var kveðinn upp.²¹

¹⁸ Eiríkur Tómasson. *Réttlát Málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 116.

¹⁹ Eiríkur Tómasson: „*Réttur til réttlátrar málsmeðferðar*“, bls. 224.

²⁰ Clare Ovey & Robin C.A. White: *The European Convention on Human Rights*, bls. 166-167.

4.2 Sjónarmið MDE hvort að brotið sé á málshraðareglunni

Ekkert almennt svar er hægt að gefa við því hvenær mannréttindadómstólinn hefur talið málsmeðferð standa yfir í of langan tíma og þannig farið í bága við regluna um hraða málsmeðferð í 1. mgr. 6. gr. MSE. Er því ekki miðað við tiltekin tímamörk sem eiga við öll mál heldur metur dómstólinn hvert mál fyrir sig.²²

Mat mannréttindadómstólsins er sjálfstætt og óháð því hvað telst venjuleg tímalengd dómsmáls í viðkomandi aðildarríki. Að sama skapi er það ekki alltaf nóg eitt sér að yfirvöld hafi afgreitt mál innan lögmæltis frests viðkomandi aðildarríkis.²³ Þá hefur mannréttindadómstólinn mótað fjögur leiðbeinandi sjónarmið við mat á því hvort aðildarríki hafi brotið gegn reglunni um hraða málsmeðferð. Fyrst verður að skoða hvaða þýðingu það hefur fyrir aðila að mál fái skjóta úrlausn. Mannréttindadómstólinn hefur talið margvísleg atriði geta leitt til þess aðili eigi rétt á skjótari úrlausn en ella. Þetta á t.d. við þegar hagsmunir aðila eru með þeim hætti að tafir dómstóls á málsmeðferð geti leitt til glötun hagsmuna fyrir aðila²⁴, eins og sjá mátti í máli *MDE, X gegn Frakklandi, 31. mars 1992 (18020/91)*:

Hér var aðili dauðvona AIDS-sjúklingur. Taldi mannréttindadómstólinn að miðað við hversu litlar lífslíkur X voru hefði skipt miklu máli að hraða meðferð málsins. Dómstóllinn hafði upplýsingar um heilsu hans og var heimilt að fara með mál í flýtimeðferð skv. frönskum lögum. Meðferð sem franskir dómstólar hefðu átt að bjóða X upp á miðað við ástand hans en gerðu ekki. Var því lengd málsmeðferðar talin brjóta í bága við 1. mgr. 6. gr. MSE.

Næst verður að skoða hvort mál sé sérstaklega flókið eða umfangsmikið.

Þessi tvö atriði þurfa þó ekki að fara saman. Mörg dæmi er um þetta t.d. fjöldi sönnunargagna, fjöldi aðila, þörf á sérfræðivitni eða vitni að utan.²⁵ Mál getur þannig verið mjög flókið, til dæmis þegar reynir á erfið viðfangsefni þar sem enginn fordæmi liggja fyrir. Þetta þýðir þó ekki að málið sjálft þurfi að vera sérstaklega umfangsmikið,²⁶ sbr. mál *MDE, Pretto ofl. gegn Ítalíu, 8 desember 1983 (7984/77)*:

²¹ Eiríkur Tómasson: „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“, bls. 224-225.

²² Harris, O'Boyle & Warbrick: *Law of the European Convention of Human Rights*, bls. 279.

²³ Eiríkur Tómasson. *Réttlát Málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 120.

²⁴ Mark Janis, Richard Kay & Anthony Bradley: *European Human Rights Law. Text and Materials*, bls. 459.

²⁵ Harris, O'Boyle & Warbrick: *Law of the European Convention of Human Rights*, bls. 279

²⁶ Eiríkur Tómasson. *Réttlát Málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 122.

Pretto var bóndi og leigði landeign sem hann ræktaði ásamt fjölskyldu sinni. Landeigandinn hafði ákveðið að selja landeignina, sem hann og gerði. Í framhaldinu höfðaði Pretto mál fyrir ítölskum dómstólum þar sem hann taldi forkaupsrétt sinn ekki hafa verið virtan við söluna og að söluverðið hefði verið töluvert hærra en það sem matsmenn hans höfðu metið sanngjarnt verð. Pretto fór síðan með mál sitt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu vegna þess að hann taldi að áfrýjunardómstóllinn á Ítalíu hefði brotið á réttindum hans, skv. 1. mgr. 6. gr. MSE, með því að bíða með ákvörðun sína þangað til annar dómstól hafði kveðið upp úrlausn sína í öðru máli sem tengdist fyrra málinu og snerist um sambærilegt úrlausnarefni. Meðal þeirra atriða var að málsmeðferðin hefði farið fram úr þeim tímamörkum sem reglan um hraða málsmeðferð gerði ráð fyrir. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að málsmeðferðin, sem var þrjú ár og sex mánuðir, hafi ekki farið fram úr þeim skilyrðum sem kveðið var í 1. mgr. 6. gr. MSE. Hann vísaði m.a. í að um hafi verið að ræða mjög flókið lagalegt úrlausnarefni þar sem ítölsku dómstólarnir túlkuðu nýlegt lagaákvæði án þess að geta stuðst við fyrirbyggjandi lagaframkvæmd. Var því fallist á að áfrýjunardómstólinum hefði verið heimilt að bíða með ákvörðun sína þangað til að niðurstaða færi fram í öðru sambærilegu máli.”

Mannréttindadómstóllinn hefur litið til þess hvort tafir séu á ábyrgð málsaðilans.

Aðili í einkamáli ber að gæta þess að fara eftir þeim málsmeðferðar úrræðum sem honum eru sett.²⁷ Afstaða mannréttindadómstólsins sú að sama skylda hvíli á báðum aðilum til að upplýsa mál fyrir dómi. Hafi aðili tafið málsmeðferð, hvort sem það var með ásetningi eða gáleysi, verður hann að bera hallann af því.²⁸ Um slíkt tilvik var deilt í máli *MDE, Deumeland gegn Þýskalandi*, 29 maí 1986 (9384/81):

Málið snerist um dómsmál sem móðir hr. Deumeland, sem var nýlátin, hafði höfðað gegn Berlins Industrial Accidents Office fyrir dómstólum í Þýskalandi um auka ekkjulífeyri vegna þess að dauða eiginmanns hennar mætti rekja til iðnaðarslyss sem hann hafði lent í. Deumeland hafði ákveðið að halda málinu áfram sem erfingi móður sinnar. Eftir langa baráttu fyrir þýskum dómstólum fór Deumeland með mál hennar fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. En hann hafði farið í gegnum öll dómstig í þýskalandi og var samanlagður málsmeðferðartími um tíu ár og sjö mánuðir. Deumeland taldi að málsmeðferðin yfir heildartímabilið hafi brotið gegn 1. mgr. 6. gr. MSE, þar á meðal reglunni um hraða málsmeðferð. Við mat dómsins hvort brotið væri á málshraðareglunni kom fram að hegðun Deumeland fyrir þýska dómstóla hafi leitt til tafa við málsmeðferð og hann hafi oft verið ósamstarfsfús við meðferð máls. Þessi hegðun hans kom meðal annars fram í því að hann neitaði að gefa ummæli sem gætu lokið málsmeðferð, sýna fram á erfðaskírteini, krefjast óþarfa fresta o.fl. Var það þó að engu síður mat dómsins að rekja

²⁷ Harris, O'Boyle & Warbrick: *Law of the European Convention of Human Rights*, bls. 279.

²⁸ Eiríkur Tómasson: „*Réttur til réttlátrar málsmeðferðar*“, bls. 227.

mætti tafir vegna meðferðar málsins til tveggja af þeim sex dómstólum sem komu að meðferð þess á mismunandi stigum. Var því talið að lengd málsmeðferðar hafi farið fram úr þeim heimildum sem felast í málshraðareglunni í 1. mgr. 6. gr. MSE.

Einnig er skoðað hvort tafir séu stjórnvöldum eða dómstólum aðildaríkja að kenna. Sú skylda er lögð á aðildaríki sáttmálans að þau mál, sem falla undir gildisvið 1. mgr. 6. gr. MSE, verði afgreidd innan hæfilegs tíma. Á þetta við allar greinar ríkisvalds, hvort sem það er mál sem er til meðferðar fyrir dómstólum eða til úrlausnar fyrir stjórnvöldum eða að regluverk löggjafans sé með því móti að fljótverk málsmeðferð sé ekki virt.²⁹ Í einkamálum má stundum rekja tafir til dómstóla, sbr. *MDE, Deumeland gegn Þýskalandi, 29 maí 1986 (9384/81)*:

Hér kannaði mannréttindadómstóllinn hvort lengd málsmeðferðar fyrir dómstólum í Þýskalandi hefði brotið gegn 1. mgr. 6. gr. MSE um regluna um hraða málsmeðferð. Dómstóllinn mat málavöxtu svo, að þótt tímabilinu, sem deilt var um, hafi verið skipt niður í sex aðskildar málsmeðferðir, hafi stór hluti af tölum málsmeðferðarinnar verið sóknaraðila sjálfum að kenna. Varð engu að síður ekki hjá því komist að líta til þess að allnokkrar tafir voru hjá fyrsta og öðru dómstigi og verður því að telja að ef litið er til þessara tafa í heild þá hafi málsmeðferð farið fram þeim heimildum sem settar eru í málshraðareglunni í 1. mgr. 6. gr. MSE.

Ekki er hægt að gefa einfalt svar við því hvernig mannréttindadómstóllinn kemst að niðurstöðu um það hvort afmarkað tímabil í málsmeðferð valdi því að brotið sé á málshraðareglu 1. mgr. 6. gr. MSE, heldur ræðst matið af atvikum hvers máls fyrir sig, þar sem ofantalin sjónarmið eru vegin og metin. Stundum hefur dómstóllinn einfaldlega vísað til meðferðar málsins í heild. Í öðrum tilvikum skoðar hann málið frá upphafi til enda og bendir á atriði sem leiða til þess að brotið hefur verið á aðila yfir einstök tímabil, sem bendir til þess að á yfirvöldum hvíli viss aðgæsluskyldu.³⁰

4.2 Afleiðingar af brotum á málshraðareglu 1. mgr 6. gr. MSE

Ekki er tekið fram berum orðum í 1. mgr. 6. gr. MSE hvaða afleiðingar það hefur ef aðildarríki brýtur gegn málshraðareglunni. Eftirlitstofnarnir hafa enn sem komið er ekki gengið svo langt að fella mál niður vegna brota á reglunni.³¹ Í mörgum tilvikum hefur brot gegn málshraðareglunni af hendi ríkisins leitt til þess að aðila í einkamáli séu greiddar út bætur. Þetta hefur þó takmarkast við þau tilvik þar sem brot eru á hendi ríkisins í einkamáli.

²⁹ Eiríkur Tómasson. *Réttlát Málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 125.

³⁰ Eiríkur Tómasson. *Réttlát Málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 129.

³¹ Eiríkur Tómasson: „*Réttur til réttlátrar málsmeðferðar*“, bls. 227.

Brot af hendi lögmanns aðila eða gagnaðila getur ekki leitt neinna aðgerða af hendi mannréttindadómstólsins.³²

5 Málshraðareglan og áhrif hennar á ákvæði eml.

5.1 Málshraðareglan

Í einkamálum snýst meginreglan um málshraða að kjarna til um það hvort aðilum einkamáls skuli í sjálfsvald sett hvort rekstur einkamáls skuli vera hraður eða hægur eða hvort takmark skuli sett á sjálfræði aðila til að reka mál sitt fyrir dómstólum á þeim hraða sem þeir kjósa.

Þau viðhorf hafa myndast í íslensku einkamálaréttarfari, m.a. í kenningum og löggjöf, að aðilar hafi ekki ótakmarkað vald til að ráða því hversu lengi málsmeðferð skuli standa yfir. Slíkar hugmyndir hafa annars vegar verið settar fram á þeim forsendum að óskipulegur og hægur rekstur aðila á dómsmáli bitni á dómstólum og aðilum eigi því ekki að vera heimilt að ráða ferðinni með samkomulagi sín á milli.³³ Jafnframt er það í þágu samfélagsins að leyst sé úr dómsmálum með skilvirkum hætti, enda myndi annað leiða til þess að þeir sinntu ekki hlutverki sínu sem skyldi.³⁴ Er hér í rauninni um ákveðinn mörk við meginregluna um málsforræði aðila sem lýtur að hve miklu leyti aðilar geti samið sín á milli um gang og meðferð máls. Rekstur mála hvíla að miklu leyti á forræði aðila en meginreglan um málshraða er til staðar til að grípa inn ef málsaðilar draga mál sitt.³⁵ Í málshraðareglunni endurspeglast því tvö viðhorf: annars vegar nauðsyn þess að málsmeðferð sé rækileg og vönduð; hins vegar sú krafa að afgreiðslu máls sé hraðað.³⁶

Markmið reglunnar um málshraða er því að koma í veg fyrir að aðilar geti sjálfir tafið mál að vild. Dómara ber að hyggja að því við meðferð máls „ex officio“ að málshraða sé gætt. Þetta endurspeglast í eml. þar sem dómara er annaðhvort heimilað eða skylt án tillits til vilja aðila að gæta málshraða. Í lögum um meðferð einkamála er ekki að finna ákvæði þar sem reglan um hraða málsmeðferð er lögfest berum orðum, eins og gert er í sakamálalögnum. Nokkur ákvæði eml. eru hins vegar skýrlega undir áhrifum meginreglunnar.³⁷ Dráttur á

³² Clare Ovey & Robin C.A. White: *The European Convention on Human Rights*, bls. 170.

³³ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 17.

³⁴ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 17.

³⁵ Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 193 og 197.

³⁶ Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 170.

³⁷ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 17.

málsmeðferð getur hafist strax þegar málið er þingfest, skv. 1. mgr 94. gr. eml., og varað þar til málið er tekið til dóms, skv. 1. mgr. 116. gr. eml.³⁸

5.2 Frestir við málsmeðferð 2. mgr. 99. gr. og 2. mgr. 102. gr. eml.

Frá þingfestingu og fram til endalok gagnaöflunar hafa málsaðilar almennt meiri áhrif á hraða málsmeðferðar en þegar aðalmeðferð hefst.³⁹

Varnaraðila stendur til boða að krefjast lengri frests á skilum greinargerðar, skv. 5. másl. 2. mgr. 99. gr. eml. Þar kemur fram að „dómari [getur] veitt stefnda frekari frest til að leggja fram greinargerð ef hann telur réttmæta ástæðu til þess“. Hér er því lögð sú skylda á dómara að gæta þess að frestir séu gefnir einungis þegar raunveruleg þörf er á því.

Í athugasemdum að baki greinargerð 2. mgr. 99. gr. eml. kemur fram skýring á orðalagi málsgreinar ákvæðisins: „[...] orðalag frumvarpsins er með þeim hætti að síður er ætlast til þess en nú viðgengst, að stefnda séu veittir framlengdir frestir til greinargerðar“.⁴⁰ Hér sést því að löggjafinn hefur ákveðið að þrengja skýringu ákvæðisins frá fyrri framkvæmd.

Hæstiréttur hefur nokkrum sinnum skýrt ákvæðið um hvort heimild til að veita frest, skv. 2. mgr. 99. gr. eml.

Hrd. 7 nóvember 2008 (589/2008) Hér hafði Á höfðað mál gegn G vegna meintra mistaka við tannlæknisverk. Stefnandi ákvað að kæra þá ákvörðun héraðsdómara að vísa máli hans frá á grundvelli 1. mgr. 80. gr. eml. Hæstiréttur vísaði til forsenda héraðsdóms og vísaði málinu frá á grundvelli vanreifunar. Jafnframt kom fram í forsendum Hæstaréttar að sóknaraðili hefði, frá þingfestingu málsins 25. janúar 2007 og allt til þess að greinargerð var lögð fram þann 28. febrúar 2008, sextán sinnum fengið frest til að leggja fram greinargerð. Var þetta talið í brýnni andstöðu við ákvæði 1. og 2. mgr. 99. gr. eml. Enga haldbæra skýringu á þessu var að finna í gögnum málsins.

Hrd. 16. maí 2007 (629/2006) Hér var um að ræða skuldamál vegna framselda kröfu um greiðslu frá seljanda S ehf. til P ehf. á hrognum sem aðaláfrýjandi V hf. átti eftir að greiða. Hæstiréttur féllst á varakröfu P hf. þar sem ekki tókst að leggja fram á nægilega sönnun fyrir aðalkröfu hans. Í forsendum Hæstaréttar kom fram að stefndi, V hf., hafði fengið frest á grundvelli 2. mgr. 99. gr. eml., frá 3. mars 2005 til 14. apríl 2005, til að leggja fram greinargerð í málinu. Var málinu engu að síður frestað átta sinnum á dómþingi héraðsdómsins, þar til stefndi skilaði loks inn greinargerð þann 15. desember 2005. Taldi Hæstiréttur þessa

³⁸ Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 211.

³⁹ Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 211.

⁴⁰ Alþt. 1991-92, A-deild, bls. 1101.

málsmeðferð vera í andstöðu við meginreglu réttarfars um hraða málsmeðferð og því aðfinnsluverða.

Hæstiréttur virðist því gera þá kröfu að ekki séu veittir frestir við málsmeðferð án nokkurra skýringa. Eftir að stefndi hefur skilað inn greinargerð sinni skal „málsaðilum [gefinn sá] kostur í þinghaldi að leita sátta eða afla gagna sem ekki var tækifæri eða tilefni áður til að leggja fram,“ skv. 1. mgr. 102. gr. eml. Ef málsaðilar ná hins vegar ekki að nýta þinghaldið er dómara heimilt að veita þeim frekari fresti við málsmeðferð áður en aðalmeðferð hefst. Í 2. mgr. 102. gr. eml. er dómara veitt heimild til að fresta máli þar segir:

Dómari getur orðið við ósk aðila um að fresta máli frekar ef hann telur það vænlegt til að ná sáttum eða nauðsynlegt til að afla gagna sem nægilegur frestur hefur ekki áður verið til en báðum aðilum ber þá jöfnum höndum að nota sama frest til gagnaöflunar. Að öðrum kosti synjar dómari að jafnaði um frest, þótt aðilar séu á einu máli um að æskja hans.

Dómari getur þannig veit málsaðilum frekari fresti ef óskað er eftir þeim til sáttamiðlunar eða gagnaöflunar ef hann telur þörf á því. Í athugasemdum greinargerðar í frumvarpi því sem varð að 2. mgr. 102. gr. eml. er tekið fram að reglur ákvæðisins séu efnislega samhljóða eldri lögum, eða 2. og 3. málsl. 1. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936.⁴¹

Ef annar málsaðili krefst frests á grundvelli ákvæðisins gegn mótmælum gagnaðila ber dómari að meta nauðsyn á frestveitingu. Málsaðili verður þá að rökstyðja beiðni sína með því að skýra frá því í hvað hann hyggst nota frestinn. Dómari metur þá hvort málsaðili hafi áður haft nægilegan frest og færi á að afla þess, sem hann hyggst nú nota frestinn í að gera, hvort líklegt sé að frestur leiði til einhvers árangurs til skýringar á máli hans og hvort það atriði, sem krafist er frests vegna, skipti nokkru máli fyrir sakarúrlit. Ef sýnt er fram á að þýðingarlaust sé að veita frest á máli ber að synja málsaðila um hann.⁴²

Athyglisvert er að sjá hvaða kröfur dómstólar gera um rökstuðning fyrir frestveitingu 2. og 3. mgr. 102. gr. eml., sbr. *Hrd. 2 apríl 2012 (188/2012)*:

⁴¹ Alþt. 1991-92, A-deild, bls. 1102.

⁴² Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 212.

Sóknaraðili G krafðist skaðabóta úr hendi varnaraðila KB hf. vegna tjóns sem hann varð fyrir vegna leiðbeininga starfsmanna KB hf. við fjárfestingu á tilteknum peningamarkaðsbréfum. Sóknaraðili G hafði síðar við málsmeðferð gert þá kröfu við héraðsdómara að fyrirbyggjandi aðalmeðferð þann 6. febrúar 2012 yrði frestað þangað til rannsókn sérstaks saksóknara á meintri markaðsmisnotkun varnaraðila KB hf. væri lokið eða eftir atvikum sakamál höfðað. Var þetta stutt þeim rökum að markaðsmisnotkun varnaraðila KB hf. hefði leitt til tjóns fyrir sóknaraðila G. Niðurstaða málsins var því háð því hvort sönnun tækist um meinta markaðsmisnotkun varnaraðila. Þetta hafði því mikla þýðingu fyrir úrslit málsins. Var stuðst við 2. og 3. mgr. 102. gr. eml. Héraðsdómari hafði fallist á kröfu stefnda með þessum rökum. Krafa sóknaraðila um frestun er byggð á heimildum 2. mgr. og 3. mgr. 102. gr. eml. um heimild dómara til að fresta máli. Krafa sóknaraðila byggist á því að sagnæm og ólögmaett háttsemi hafi átt sér stað hjá varnaraðila. Fyrir liggur að meint markaðsmisnotkun varnaraðila er til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara og niðurstöðu megi vænta innan tíðar. Ljóst er að úrslit málsins geta ráðist að miklu leyti af því hvort meint markaðsmisnotkun varnaraðila teljist sönnuð. Því verður að telja að niðurstaða saksóknara geti haft veruleg áhrif á málsástæður sóknaraðila og hugsanlegt er að fram komi ný gögn fyrir málsástæðum hans. Að öllu ofantöldu er því fallist á að málsmeðferð skuli frestað á grundvelli 2. og 3. mgr. 102. gr. eml. þangað til niðurstöður saksóknara liggja fyrir. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms með vísan til forsenda hans.

Að framansögðu sést að dómstólar gera þær kröfur til rökstuðnings málsaðila fyrir frestveitingu að fresturinn hafi einhverja þýðingu fyrir málsástæður hans. Ef ekki tekst að færa nægileg rök fyrir því að veita skuli frest á dómari almennt ekki að veita hann,⁴³ sbr. *Hrd. 18. mars 2010 (374/2010)*:

Hér var um skuldamál að ræða. Stefnandi, SP, hafði krafist þess að stefnda, SG, yrði gert að greiða 19 milljónir króna ásamt vöxtum, en krafan byggðist á skuldaviðurkenningu frá 4. júní 2007. Í héraði byggði stefndi sýknukröfur sínar á því að umrædd skuldaviðurkenning væri fölsuð. Var fallist á kröfur stefnanda í héraði. SG áfrýjaði málinu til hæstaréttar og krafðist þess að héraðsdómur yrði ómerktur og vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar. Var þetta byggt á þeim rökum að héraðsdómurinn hafi með úrskurði sínum hafnað þeirri ósk áfrýjanda að fresta aðalmeðferð málsins á grundvelli 3. mgr. 102. gr. eml., þar sem lögreglurannsókn ætti eftir að fara fram á undirskrift vitundarvottorðs á skuldarviðurkenningu þeirri sem SP hafði byggt málsástæður sínar á. Jafnframt höfðu málsaðilar ekki lýst því yfir að gagnaöflun hafi verið lokið, sbr. 5. mgr. 102. gr. eml. Við úrlausn Hæstaréttar kom fram að fallist væri á þann úrskurð héraðsdómara að ekki hafi verið sýnt fram á þýðingu rannsóknar fyrir úrslit máls og að ekkert hafi komið fram um hvort sú rannsókn stæði yfir eða hvort hún hefði gert það. Þrátt fyrir að

⁴³ Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 212.

aðalmeðferð hæfist ekki fyrir en að gagnaöflun er lýst lokið, sbr. 5. mgr. 102. gr. eml., bæri dómara að synja um óparfa fresti, sbr 2. mgr. 102. gr. eml., enda bæri honum að gæta málshraða. Að öllu virtu var ekki talið að áfryjandi hafi sýnt fram á að sú ákvörðun héraðsdómara, að synja um frestun á aðalmeðferð hafi valdið réttarspjöllum. Var því aðalkröfu áfryjanda hafnað.

Hér sýndi SP með öðrum orðum ekki fram á þá þýðingu sem frestveitinginn hefði haft á málstað hennar.

5.3 Skýrslur fyrir aðalmeðferð, sbr. 1. mgr. 103. gr. og 4. mgr. 102. gr. eml.

Þegar aðalmeðferð máls hefst má gera ráð fyrir því að málsaðilar hafi minna um tímalengd þess að segja. Dómari mælir fyrir um tímalengd máls og reynir að hafa málsreksturinn eins stuttan og hnitmiðaðan og kostur gefst.⁴⁴ Þessa skipan má sjá greinilega í 1. mgr. 103. gr. eml.

Þegar gagnaöflun er lokið skv. 102. gr. ákveður dómari með hæfilegum fyrirvara hvenær þing verði háð til aðalmeðferðar, en þá skulu að jafnaði fara fram í einni lotu skýrslutökur og munnlegur flutningur máls. Ef dómara þykir ástæða til getur hann beint því til aðila að þeir leggi fram skriflega kröfugerð og talningu málsástæðna við aðalmeðferð.

Heimildir málsaðila til að tefja mál eftir að gagnaöflun er lokið eru því þrengri þar sem lög gera ráð fyrir því að skýrslutökur og munnlegur málflutningur fari fram í einni lotu. Í athugasemdum greinargerðar eml. kemur fram að 1. másl. 1. mgr. 103. gr. laganna sé samhljóða ákvæði 1. másl. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 85/1936. Í athugasemdum við 2. másl. segir: „[...] 2. másl. er nýmæli en þessi heimild gæti einkum átt við ef ný atriði eru leidd í ljós í máli eftir að aðilar gerði skrifleg sóknar- og varnargögn sín og þau gefa tilefni til breyttra krafna eða nýrra málsástæðna af þeirra hálfu. Áréttta verður sérstaklega að ákvæðið heimilar aðeins að lögð verði fram kröfugerð og talningu málsástæðna og er því alls ekki verið að mæla hér fyrir um rétt til að leggja fram skrifleg málflutningsskjöl.“⁴⁵

Hæstiréttur virðist beita ákvæðinu skv. orðanna hljóðan. Slík sjónarmið má sjá í *Hrd.* 7. janúar 2000 (491/1999):

⁴⁴ Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 212.

⁴⁵ Alþt. 1991-92, A-deild, bls. 1103.

Hér kærðu sóknaraðilar, S og DB hf., þá ákvörðun héraðsdómara að hafna kröfu þeirra um að að leiða fyrir dóminn tvö vitni áður en fram færi munnlegur flutningur um frávísunarkröfu sem sóknaraðilar höfðu gert á hendur máli varnaraðila. Í forsendum Hæstaréttar rökstuddi hann ákvörðun sína með því að vísa til 1. mgr. 103. gr. eml., en þar væri aðalreglan sú að við aðalmeðferð máls fari fram einni lotu skýrslutökur og munnlegur málflutningur. Undantekningar frá þessu væru tæmandi taldar í 4. mgr. 102. gr. eml. og felli skýrslugjöf sem sóknaraðilar færu fram á ekki þar undir. Jafnframt heyrði þau atriði, sem sóknaraðili vill sanna með vitnisburði sínum, undir efnishlið málsins. Honum væri því heimilt að leggja þau fyrir aðalmeðferð samkvæmt almennri reglu 1. mgr. 103. gr. eml. Ekki yrði talið að hann mætti spilla rétti með því að leiða vitni fyrir nú þegar.

Hæstiréttur virðist ekki leyfa frávik frá venjulegri skipan aðalmeðferðar eins og kemur fram í 1. mgr. 103. gr. eml. nema það falli undir undantekningarákvæði 4. mgr. 102. gr. eml.

Brýnt er að nefna eina undantekningu frá því sem greinir hér að framan. Skv. 4. mgr. 102. gr. eml. er heimilt að gefa munnlega skýrslu fyrir dómi um atriði sem varða öflun gagna áður en komið er að aðalmeðferð máls. Fram kemur í skýringum greinargerðar með ákvæðinu að um sé að ræða frávik frá aðalreglu 1. mgr. 103. gr. eml. Þannig er dómara heimilt að leyfa það að einstakar munnlegar skýrslur séu teknar á fyrri stigum málsmeðferðar.⁴⁶ Þar með eru undantekningar tæmandi taldir. Málsaðilum er ekki heimilt að komast undan því í aðalmeðferð að fram fari í einni lotu skýrslutökur og munnlegur málflutningur, eins og kom fram í *Hrd. 7. janúar 2000 (491/1999)*.

6 Afleiðingar þess að málshraðareglunni sé ekki fylgt

Þegar reglunni um hraða málsmeðferð er ekki fylgt eftir við málsmeðferð af hendi aðila máls eða dómstóla hvort sem það er á undirbúningstigi máls eða við aðalmeðferð er eðlilegt að skoða hvort það hafi einhver réttaráhrif í för með sér. Dómara ber að gæta þess að málsmeðferð sé hraðað eftir föngum og málsaðilum ekki veittir óþarfa frestir. Þetta má sjá í fyrirnefndum ákvæðum 2. mgr. 99. gr. eml., 2. mgr. 102. gr. eml. og 1. mgr. 103. gr. eml.⁴⁷

Þegar dómaframkvæmd Hæstaréttar er skoðuð sést að þegar reglunni um hraða málsmeðferð við framkvæmd máls er ekki fylgt hefur það jafnan tvíþættar afleiðingar. Í fyrsta lagi getur það valdið aðfinnslum frá Hæstarétti (þegar málsmeðferð í héraði hefur brotið gegn málsmeðferðarreglum eml.) Í öðru lagi getur það haft önnur réttaráhrif í för með sér, t.d. að

⁴⁶ Alþt. 1991-92, A-deild, bls. 1103.

⁴⁷ Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 212

sönnunarfærsla málsaðila bíði hnekki nýti þeir sér ekki þá lögbundu fresti eml. sem dómari getur veitt við málsmeðferð.⁴⁸

6.1 Aðfinnslur frá Hæstarétti

Þegar héraðsdómari hefur ekki gætt nægjanlega að því að hraði málsmeðferðar í einkamáli sé í samræmi við eml. og meginreglu réttarfars um hraða málsmeðferð, hefur Hæstiréttur gert athugasemdir við það. Þetta má sem dæmi sjá í *Hrd. 24. febrúar 2010 (417/2010)*, *Hrd. 16. maí 2007 (629/2006)* og *Hrd. 10. nóvember 2011 (291/2010)*:

Hrd. 24. febrúar 2010 (417/2010). Hér hafði verktakafyrirtækið Ú ehf. höfðað mál gegn V ehf. vegna ætlaðra vangoldinna verklauna fyrir þjónustu þess sem undirverktaki V ehf. við viðgerð skips. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdómara um skyldu Ú ehf. til að greiða skuldina. Hæstiréttur tók það sérstaklega fram að frá þingfestingu hefði stefndi fengið fjóra fresti til að leggja fram greinargerð sína. Eftir að greinargerð hafði verið lögð fram var málinu frestað níu sinnum þar til gagnaöflun lauk og aðalmeðferð frestað í fjögur skipti allt þar til að dómur var kveðinn upp, ellefu mánuðum eftir að gagnaöflun var lýst lokið. Hæstiréttur taldi að þessi málsmeðferð hefði ekki samræmst reglunni um hraða málsmeðferð og að á dómara hefði hvílt sjálfstæð skylda til að gæta þess að gagnaöflun fyrir aðalmeðferð og aðalmeðferðin sjálf færu fram með skipulegum hætti og í samræmi við ákvæði eml., þ.á m. 1. mgr. og 2. mgr. 102. gr. eml. Var rekstur málsins því andstöðu við ofantalin ákvæði eml. og talinn aðfinnsluverður.

Hrd. 16. maí 2007 (629/2006). Hér var um skuldamál að ræða, vegna framseldrar greiðslu kröfu frá seljanda S ehf. til P ehf. á hrognum sem aðaláfrýjandi V hf. átti eftir að greiða. Hæstiréttur féllst á varakröfu P hf. þar sem ekki tókst að leggja fram nægilega sönnun fyrir aðalkröfu hans. Í forsendum Hæstaréttar kom fram að stefndi, V hf., hafði fengið frest á grundvelli 2. mgr. 99. gr. eml., frá 3. mars 2005 til 14. apríl 2005, til að leggja fram greinargerð í málinu. Var málinu engu að síður frestað átta sinnum á dómþingi héraðsdómsins, þar til stefndi skilaði loks inn greinargerð þann 15. desember 2005. Taldi Hæstiréttur þessa málsmeðferð vera í andstöðu við meginreglu réttarfars um hraða málsmeðferð og því aðfinnsluverða.

⁴⁸ Þó er vert að skoða undantekningu frá þessu í *Hrd. 1943, bls. 370*. Þar sem vítaverður dráttur héraðsdómara á málsmeðferð og röng meðferð laga við málsmeðferð leiddi til þess að hann var dæmdur til sektar skv. 3. mgr. 34. gr. laga nr. 86/1936. Sömu leiðis voru lögmenn aðila dæmdir til fésektar sem hlutdeildarmenn í rangri meðferð málsins skv. 3. mgr. 34. gr. laga nr. 86/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og fyrir þarfalausán drátt málsins skv. 3. tl. 188. gr. laga nr. 86/1936. Vararefsing var ákvörðuð dómara og lögmönnum 4 daga varhald ef fésekt yrði ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Hrd. 10. nóvember 2011 (291/2010). Hér hafði G hf. krafist gjaldþrotaskipta á búi S þann 13. maí 1992. og var úrskurður kveðinn upp 14. sama mánaðar. Í framhaldinu hafði S stefnt G hf. til greiðslu bóta vegna þess að skilyrði til gjaldþrotaskipta höfðu ekki verið fyrir hendi þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp. Hæstiréttur staðfesti sýknudóm héraðsdóms á þeim grundvelli að bótakrafan væri fyrnd. Hæstiréttur tók það fram í niðurstöðu sinni að málið hafði verið þingfest þann 23. maí 2002 en ekki hefði gengið dómur í málinu fyrr en 19. febrúar 2010. Þau atriði sem komu til skýringar á þessum fádæma drætti gátu með engum hætti réttlætt hvernig staðið var að meðferð málsins.

Einnig má sjá eldri dóma sbr. *Hrd. 1983, bls. 1179, Hrd. 1982, bls. 1368 og Hrd. 1946, bls. 162* þar sem Hæstiréttur ávitur héraðsdómara fyrir að leyfa seinagang. Aðfinnslur frá Hæstarétti hafa engin réttaráhrif fyrir málsaðila. Þær hvetja hins vegar héraðsdómara til að gæta þess að málsmeðferð sé í samræmi reglur eml. og að málshraðareglunni sé fylgt.

6.2 Önnur réttaráhrif.

Þegar málsmeðferð er ekki í samræmi við meginregluna um hraða málsmeðferð getur það stundum haft bindandi réttaráhrif í för með sér. Þegar aðilar nýti sér ekki þá fresti sem þeim eru veittir við málsmeðferð er hætt við að þeir beri hallan af því eins og sjá má í máli *Hrd. 21. október 2011 (558/2011)*:

Hér höfðu HF og ÍK kært úrskurð héraðsdómara um að neita beiðni þeirra um dómkvaðningu matsmanns til að mæla hvort smellir heyrðust í fasteign B í máli sem HS hafði höfðað gegn þeim til viðurkenningar á riftun samnings um fasteignina. Fyrir lá að ef fallist væri á kröfu sóknaraðila yrði að fresta málinu í tæpt ár. Í rökstuðningi Hæstaréttar var fallist á það með héraðsdómara að sóknaraðili hefði verið gefinn kostur á að tefla fram þeim sönnunargögnum sem hann hugðist styðjast við, enda hefði málinu verið frestað margoft frá þingfestingu þess til sáttamiðlana og gagnaöflunar. Hafði sóknaraðila látið undir höfuð leggjast að að nýta sér þá fresti sem veittir voru skv. 1. mgr. 102. gr. eml. til að afla þeirrar matsgerðar sem hann fór nú fram á. Staðfesti Hæstiréttur því úrskurð héraðsdóms með vísan til forsenda hans.

Að framansögðu sést að málsaðilar eiga á hættu að sönnunarfærsla þeirra verði veikari en ella ef þeir nýta sér ekki þá fresti sem dómari veitir þeim við rekstur málsins.

7 Sérákvæði sem eru undir áhrifum málshraðareglunnar

Í forsjármálum er málsmeðferð undir áhrifum frá meginreglunni um hraða málsmeðferð. Í 3. mgr. 38. gr. barnalaga nr. 76/2003 er mælt svo fyrir að flýta skal meðmerð forsjármáls. Í

athugasemdum að baki ákvæðinu í frumvrpi því sem varð að barnlögum kemur fram að 3. mgr. 38. gr. leysir af hólmi 63. gr. laga nr. 20/1992 og þarfnist ekki frekari skýringa.⁴⁹

Forsjarmál snúast um mikla hagsmuni barns og foreldra þess. Að jafnaði dvelst barnið hjá öðru foreldrinu á meðan dómsmál stendur yfir og breyting á umhverfi þess getur raskað stöðu þess og högum. Er því mikilvægt að málsmeðferð sé hraðað og dragist ekki að óþörfu.⁵⁰

Í lögræðislögum hefur löggjafinn einnig mælt fyrir um að hraða beri meðferð máls. Í 6. mgr. 10. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 segir: „Dómara ber að hraða meðferð máls til sviptingar lögræðis svo sem kostur er.“ Í lögræðismálum er um ríka hagsmuni að ræða og því eðlileg krafa að málinu sé hraðað eftir föngum. Í athugasemdum með ákvæðinu í frumvarpi því sem varð að lögræðislögum koma einmitt fram slík sjónarmið:

Í 6. mgr. er kveðið á um að dómara beri að hraða meðferð máls til sviptingar lögræðis svo sem kostur er. Ljóst er að manni, sem krafist er að verði sviptur þeim mannréttindum að fara sjálfur með lögræð sín, er brýn þörf á að niðurstaða máls liggi fyrir svo fljótt sem kostur er. Einnig er ljóst að ef skilyrði lögræðissviptingar eru fyrir hendi ber nauðsyn til að skipa megi þeim sem svipta þarf lögræði lögráðamann svo fljótt sem við verður komið.⁵¹

Verður því að gæta þess við meðferð máls til lögræðissviptingar að reglunni um hraða málsmeðferð sé gætt.

8 Lokaorð

Rekið hefur verið í ritgerð þessari inntak og áhrif málshraðareglunar við gildandi rétt. Aðilar við meðferð einkamáls undanfarinn áratug virðast fá þó nokkuð aðhald frá dómstólum til að gæta þess að reglunni um málshraða sé framfylgt ef miðað er við fyrirbyggjandi dóma í umfjölluninni. Dómarar virðast síður leyfa að aðilar njóti endurtekinnar frestunar á málsmeðferð við meðferð einkamáls án rökstuðnings. Þegar farið er yfir fyrirbyggjandi dóma í umfjölluninni sést að afleiðingar á brotum gegn málshraðareglunni í einkamálum hafa ekki verið miklar. Hæstiréttur hefur í flestum tilvikum látið sig nægja að ávíta héraðsdómara fyrir seinangang máls en að jafnaði ekki gripið til þyngri úrræða. Málshraði í sakamálum hefur að jafnaði skipt meira máli en í einkamálum ef skoðuð eru dómafordæmi Hæstaréttar sem hafa fallið undanfarin áratug. Fallast má á að hagsmunir sakbornings geti í mörgum tilvikum verið brýnni en aðila í einkamáli sem getur réttlætt það að meiri kröfur séu gerðar til á lengd

⁴⁹ Alþt. 2002-03, A-deild, bls. 927.

⁵⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 256.

⁵¹ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 3693-3694.

málsmeðferðar sakamáls. Hinsvegar verða skattborgar landsins að geta gengið að því vísu að dómskerfið í einkamálum sé skilvirkt svo dómskerfið glati ekki trausti sínu. Gæta verður að ekki sé tekið vægar á málshraða í einkamálum en tíðkast hefur í dómum undanfarin áratug en slíkt gæti leitt til þess að virkni dómskerfisins í heild yrði minni. Auk þess sem fjármunir og tími sem eyddir yrðu í óskilvirkni gætu hæglega verið nýttir í yfirferð á öðrum dómsmálum. Ávallt verður þó að gæta jafnvægis milli þess á þörfinni á málshraða sé gætt og á því að yfirferð dómara verði vönduð.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, Bókaútgáfa Codex Reykjavík 2008

Clare Ovey & Robin C.A. White: *The European Convention on Human Rights*. Oxford University Press, 2002

Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, Háskólaútgáfan Reykjavík 1996

Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti. Meginreglur um meðferð einkamála*. Reykjavík 1968-1969.

Eiríkur Tómasson. *Réttlát Málsmeðferð fyrir Dómi*. Bókaútgáfa Orators Reykjavík 1999

Eiríkur Tómasson: „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu*.

Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt. Reykjavík 2005

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. Háskólaútgáfan, 2. útgáfa 1999

Harris, O'Boyle & Warbrick: *Law of the European Convention of Human Rights*. Oxford University Press, 2nd edition 2009

Mark Janis, Richard Kay & Anthony Bradley: *European Human Rights Law. Text and Materials*. Oxford University Press, 2nd edition 2000

Markús Sigurbjörnsson. *Einkamálaréttarfar*. Úlfljóttur tímarit laganema, 2. útgáfa 2003

Sigurður Líndal. *Um lög og Lögfræði. Grundvöllur laga – réttarheimildir*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2007

DÓMASKRÁ

Hæstaréttardómar

Hrd. 7. janúar 2000 (491/1999).
Hrd. 16. maí 2007 (629/2006).
Hrd. 7. nóvember 2008 (589/2008).
Hrd. 24. febrúar 2010 (417/2010).
Hrd. 18. mars 2010 (374/2010).
Hrd. 21. október 2011 (558/2011).
Hrd. 10. nóvember 2011 (291/2010).
Hrd. 2. apríl 2012 (188/2012).
Hrd. 1983, bls. 1179.
Hrd. 1982, bls. 1368.
Hrd. 1946, bls. 162.
Hrd. 1943, bls. 370.

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

MDE, Pretto ofl. gegn Ítalíu, 8 desember 1983 (7984/77)
MDE, Deumeland gegn Þýskalandi, 29 maí 1986 (9384/81)
MDE, X gegn Frakklandi, 31 mars 1992 (18020/91)